



Efnisyfirlit

Almennt um skilagreinar	3
1 Undirbúningur	4
1.1 Lýsing verkefnis.....	4
1.2 Frumathugun.....	4
1.3 Áætlunargerð	4
1.4 Áætlun um stofnkostnað	5
1.5 Áætlun um rekstrarkostnað.....	5
2 Verklegr framkvæmd.....	6
2.1 Útboð, tilboð og verksamningar	6
2.2 Framvinda.....	6
2.3 Eftirlit og úttektir	7
3 Reikningslegt uppgjör	7
3.1 Heildarkostnaður.....	7
4 Samantekt / niðurstöður.....	8
4.1 Árangur framkvæmdarinnar.....	8
4.2 Staðfesting skilagreinar	8



Mynd 1. Nýtt og stækkað bílastæði við Dynjanda að framkvæmd lokinni.

Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats. Þar segir: „Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar.“ Þá er í sömu grein kveðið á um að Framkvæmdasýsla ríkisins skuli setja nánari reglur um fyrirkomulag skilamats.

Í 7. grein reglugerðar nr. 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda segir að Framkvæmdasýsla ríkisins sjái um gerð skilamats og setji reglur um fyrirkomulag þess sem fjármálaráðherra staðfestir.

Þann 21. september 2001 gaf Framkvæmdasýsla ríkisins út reglur um fyrirkomulag skilamats, staðfestar af fjármálaráðherra. Í 3. grein þeirra segir: „**Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati**“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „skilagrein“ og „skilablað“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguhúsnæðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilagrein vegna framkvæmdaverkefnis.



Mynd 2. Göngustígur fyrir aðgerðir.

1. Undirbúningur

1.1 Lýsing verkefnis

Hér verður í stuttu máli gerð grein fyrir útboðsverkinu „Dyjandi – gerð bílastæða og göngustíga“, sem unnið var á árunum 2017 og 2018. Verkinu var skipt í áfanga 1 (jarðvinna), áf. 2 (hellulögn) og áf. 3 (malbikun). Einungis áf. 1 og 2 voru á vegum FSR. Verkkaupi sá alfarið um áfanga 3. Í verkinu fólst gerð göngustíga og stækkun og fjölgun bílastæða við fossinn Dyjanda í Arnarfirði. Með bættu aðgengi og útsýnispöllum er reynt að draga úr jarðvegsrofi og vernda svæðið um leið og ferðamönnum er beint að ákveðnum stöðum sem þola álagið betur. Göngustígur að Hríðsvalsfossi var lagfærður og gerður fær hreyfihömluðum einstaklingum með því að byggja hann upp með jöfnum halla.

Verkkaupi var Umhverfisstofnun. Tengiliður: Kristinn Valtýsson. Verkefnisstjóri FSR: Jón R Sigmundsson.

Tildrög þessa verkefnis er mikil aukning ferðamanna og svæðið engan vegin í standi til að taka við þeim fjölda ferðamanna, sem heimsækir svæðið í dag.

1.2 Frumathugun

Frumathugun var ekki framkvæmd í þessu verki.

1.3 Áætlunargerð

Hönnun

Hönnun, gerð verklýsingar og tilboðsskrár var unnin af Landformi ehf á árinu 2016. Verkfræðistofan Efla ehf kom einnig að hönnun vissra þátta verksins. Hönnun verksins var á vegum verkkaupa.

Ráðgjafar

Eftirtaldir ráðgjafar unnu við verkefnið:

Umhverfisstofnun sá alfarið um samninga við Landform ehf, sem hannaði verkið og sá um teikningar og verklýsingar, og verkfræðistofuna Eflu ehf sem var ráðgefandi varðandi stálhandrið, jarðvinnu og aðra verkfræðihönnun.

Heildaráætlun hönnunar	m.kr.
Arkitekt Landform ehf	3,3
Verkfræðistofa Efla ehf	1,0
Önnur ráðgjöf	0,0
Samtals	4,3


Þar sem virðisaukaskattur fæst endurgreiddur af hönnunarbókun eru fjárhæðir í töflunni settar fram án VSK eins og í reikningslegu uppgjöri í kafla 3.

1.4 Áætlun um stofnkostnað

Heildarkostnaðaráætlun FSR, í júní 2016, var eftirfarandi.

Heildarkostnaðaráætlun	m.kr.
Ráðgjöf	4,3
Umsjón og eftirlit	5,5
Verkfrámkvæmd	44,7
Gjöld og rekstur á framkvæmdatíma	0,4
Búnaður og listskreyting	0,0
Samtals	54,9

Allar fjárhæðir í töflunni eru með VSK nema ráðgjöf.



Mynd 3. Heildarkostnaðaráætlun í milljónum króna.

1.5 Áætlun um rekstrarkostnað

Áætlun um rekstrarkostnað á ekki við í þessu verkefni.



Mynd 4. Göngustígur eftir aðgerðir. Tröppur úr náttúrugjóti og skábraut með handlistum.

2. Verkleg framkvæmd

2.1 Útboð, tilboð og verksamningar

Á árinu 2016 var leitað tilboða í verkið í heild sinni, þ.e. 1., 2. og 3. áfanga í einu. Aðeins barst eitt tilboð (frá Þotunni ehf) sem var 222,7 % af kostnaðaráætlun. Þessu tilboði var hafnað og verkinu slegið á frest. Árið 2017 var ákveðið að leita tilboða í hvorn verkáfanga fyrir sig og byrja á 1. og 2. áfanga. Leitað var tilboða í formi verðkönnunar. Alls bárust sex tilboð. Fjögur þeirra reyndust gild.

Tilboð voru opnuð 31. júlí 2017. Niðurstöður útboðsins eftir yfirferð tilboða voru eftirfarandi.

Niðurstöður útboðs	Kr.	Hlutfall
Þotan ehf	52.936.000.-	138 %
Búaðstoð ehf	64.579.500.-	168 %
Gröfubj. Bjarna ehf	67.978.950.-	177 %
Gámapj. Vestfj. ehf	68.939.081.-	179 %
Kostnaðaráætlun	38.449.750.-	100,0%

Framangreindar tilboðsfjárhæðir innihalda tilboð í áætluð aukaverk, sem ekki koma þó til greiðslu nema til þeirra komi á framkvæmdatímanum. Í samningi við verktaka eru aukaverkin því undanskilin í samningsfjárhæðinni.

Þann 2. ágúst, 2018 var tilboði Þotunnar ehf. að fjárhæð 52.936.000 kr. með VSK tekið, sem var 138 % af kostnaðaráætlun. Gerður var skriflegur samningur um verkið í framhaldi af því að fjárhæð kr. 52.936.000.

2.2 Framvinda

Verkið hófst um miðjan september 2017 með jarðvegsskiptum og komið var með hellur frá Reykjavík á verkstað. Um miðjan desember var jarðvegsskiptum lokið og framkvæmdum hætt það árið.

Í byrjun apríl 2018 hófst verkið að nýju. Þá lá fyrir ósk verkkaupa um að tvöfalda fjölda bílastæða. Þann 11. apríl var verktaka tilkynnt að fjölga þyrfti bílastæðum úr 31 í 64 eða rúmlega tvöföldun bílastæða. Á þessu stigi framkvæmdanna var búið að forma og hafa efnisskipti í hringlaga (31 bílast.) bílastæðinu. Þetta

þýddi að endurskipuleggja þurfti allt svæðið til að koma fyrir 64 bílastæðum. Hafði þetta verulega aukningu kostnaðar í för með sér eða sem svaraði um 20 millj. í magnaukningu, endurvinnslu ofl. Skv. samningi var gert ráð fyrir að verkinu yrði lokið 10. júní 2018. Það stóðst þrátt fyrir um 40 % stækkun verksins. Úttekt á verkinu var gerð 12. júní 2018. Verkið taldist þá úttekið með smávægilegum athugasemdum sem skv. fundargerð nr. 5 dags. 12. júní 2018 var umsamið að yrði látin bíða til síðari tíma.

Áfangi nr. 3 sem er malbikun svæðisins kom aldrei inn á borð FSR, hvorki hvað varðar útboð, samninga við verktaka né eftirlit. Það verk var alfarið í umsjón Umhverfisstofnunar. Sá verkþáttur er því ekki til umfjöllunar hér.

2.3 Eftirlit og úttektir

Með eftirlit fór Jón R. Sigmundsson verkefnastjóri FSR ásamt Eddu Kristínu Eiríksdóttur svæðislandverði Umhverfisst. Verkfundir voru haldnir hálfsmánaðarlega á verkstað. Samskipti við hönnuði og verktaka voru góð á framkvæmdatímanum.



Mynd 5. Nútíma hellulögn og forn hleðsla sameinuð.

3. Reikningslegt uppgjör

3.1 Heildarkostnaður

Verulegar breytingar urðu á umfangi verkefnisins.

Áætlaður heildarkostnaður nam samtals kr. 91.032.156,-

FSR sá um greiðslu reikninga og bókhald verksins. Kostnaður vegna hönnunarvinnu sem unnin var fyrir Umhverfisstofnun var kr. 5.652.766.

Vegna verulegra breytinga á verkinu frá verðkönnunargögnum fór verktakakostnaður úr kr. 52.936.000 í kr. 72.370.600.

Heildarkostnaður bókfærður hjá FSR við verkið var kr. 81.173.816,-. Þar af var kostnaður vegna umsjónar FSR kr. 5.070.717,-.

Raunkostnaður var kr. 86.826.582,-.



Mynd 6. Afrakstur að verki loknu.

4. Samantekt / niðurstöður

4.1 Árangur framkvæmdarinnar


Ekki tókst að hefja verkið eftir fyrra útboð 2016 vegna þess að aðeins eitt tilboð barst sem var langt fyrir ofan kostnaðaráætlun og var því hafnað. Ári síðar var verkinu skipt niður í þrjú áfanga og boðið út aftur en þá aðeins 1. og 2. áfangi. Samkomulag náðist við Þotuna ehf. um að vinna báða áfanga. Malbikun var undanskilin. Vel tókst til. Faglega var staðið að öllu af hálfu verktakans. Mikill fjöldi ferðamanna gerði verkið nokkuð erfiðara og olli umferð um svæðið einhverjum skemmdum á hellulögn sem þurfti að laga. Þrátt fyrir það lauk verktakinn verkinu á réttum tíma. Verkið kemur vel út og er öllum til sóma.

4.2 Staðfesting skilagreinar

Undirrituð staðfestir hér með framanritaða skilagrein fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Guðrún Ingvarsdóttir', written over a horizontal line.

Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri



www.fsr.is

